

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að öll atvik sem verða í Tækniskólanum séu skráð, brugðist sé við þeim og úr þeim unnið. Verklagsreglan gildir um öll atvik sem verða í Tækniskólanum eða á viðburðum á hans vegum.

Ábyrgðir

Ábyrgðaraðili ber áb**yrgð á að** v**erklagsreglan sé** uppfærð, henni viðhaldið og að unnið sé samkvæmt henni
Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsfólk í þeirr**a skóla / þe**irra deild starfi eftir verklagsreglunni

Starfsfólk ber ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni

1 Nemandi/starfsmaður - Skráir atvik í atvikakerfi

Ef atvik verður í skólanum á viðburðum á hans vegum skal skrá atvikið í atvikaskráningakerfi skólans á slóðinni

https://tskoli.is/gaeda-og-oryggismal/atvikaskraning/

Verkflæði stofnar sjálfkrafa málið í skjalakerfi skólans og fyllir út eyðublað með nauðsynlegum upplýsingum sem vistast einnig í málinu.

2 Aðstoðarskólameistari – Deilir út **ábyrgð á úrvinnslu**

Aðstoðarskólameistari móttekur tilkynningu atviks og útdeilir á viðeigandi úrvinnsluaðila eftir eðli atviks.

3 Aðstoðarskólameistari – Atvik tilkynningaskylt?

Persón**uvernd: Ef málið varðar brot á persónuverndarlögum, þa**r*f að tilkynna* það til persónuverndarfulltrúa skólans sem síðan metur hvort að nauðsynlegt sé að tilkynna atvikið til Persónuverndar.

Vinnueftirlit: Slys, þar sem líkur eru á að sá er fyrir slysinu varð hafi orðið fyr*ir langvinnu* eða varanlegu heilsutjóni, skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings svo að vettvangsrannsókn geti farið fram. Slysin skulu auk þess tilkynnt Vinnueftirlitinu skriflega innan viku.

Sjúkratryggingar Íslands: Alvarleg slys skal tilkynna Sjúkratryggingum Íslands

Mannvirkjastofnun: Ra*fmagnsslys þarf einnig að t*ilkynna til Mannvirkjastofnunar.

Næsti yfirmaður sér um *tilkynninguna, ne*ma þegar um er að ræða brot á persónuverndarlögum.

4 Gæðastjóri – Fylgir eftir tilkynningu atviks til viðeigandi stofnunar

Gæðastjóri fylgir eftir tilkynningunni eins **og við á.**

5 Stjórnandi – Krefst stærri úrbóta?

Úrvinnsluaðili sér að til þess að koma í veg fyrir að atvik endurtaki sig, þá þarf að stof**na stærra úrbótaverkefni.**

6 Stjórnandi – Stofnar úrbótaverkefni

Stjórnandi skal stofna úrbótaverkefni samkvæmt verklagsreglu

VKL-0086 Forvarnir og úrbætur ef atvik er þess e**ðlis að úrbóta er þörf til að koma í veg fy**rir endurtekið atvik. Ekki skal loka atviki fyrr en úrbótum er lok***ið.***

8 Stjórnandi - Skráir upplýsingar og lokar í skjalakerfi

Stjórnandi skráir viðbragð og aðgerðir í skráningareyðublað atviks og lokar atviki í skjalakerfi ef úrbóta er ekki **þörf.**

9 Gæðastjóri - Eftirfylgni

Gæðastjóri fylgir eftir atvikum; að úrbætur hafi farið fram og að málum lokað í skjalakeri. Tekur árlega saman upplýsingar um atvikaskráningu fyrir skýrslu Rýni stj**órnenda.**